

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2021-2022



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2021-2022

Ársskýrsla Blindrafélagsins	2
Stjórn	2
Starfsmenn	2
Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar.....	3
Rekstrarniðurstaða.....	3
Aðal-, félags- og stjórnarfundir	4
Skrifstofa og móttaka Blindrafélagsins.....	4
Verkefni og fjáraflanir.....	4
Rekstur Hamrahlíðar 17	7
Áhersluverkefni og réttindagæsla	8
Félagsmál og jafningjastuðningur.....	14
Samstarfsaðilar innanlands	17
Lokaorð formanns	18
Aðrar skýrslur	19
Blindravinnustofan 2021.....	19
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	19
Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2021	25

Ársskýrsla Blindrafélagsins

Ársskýrsla Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2021–2022 gerir grein fyrir helstu áherslum, nýjungum og áskorunum í starfi félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í ársreikninga, fundargerðir aðal-, félags- og stjórnarfunda sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn

Í stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2021–2022 voru eftirfarandi:

Sigþór U. Hallfredsson, formaður (2020–2022).

Ásdís Eylvallía Guðmundsdóttir, varaformaður (2020–2022).

Guðmundur Rafn Bjarnason, gjaldkeri (2021–2023).

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, ritari (2021–2023).

Eyþór Kamban Þrastarson, meðstjórnandi (2020–2022).

Dagný Kristmannsdóttir, varamaður (2020–2022).

Halldór Sævar Guðbergsson, varamaður (2021–2023).

Rósa Ragnarsdóttir, varamaður (2021–2023).

Þórarinn Þórhallsson, varamaður (2020–2022).

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Ásdís Eylvallía Guðmundsdóttir.

Dagný Kristmannsdóttir.

Eyþór Kamban Þrastarson.

Sigþór U. Hallfredsson.

Þórarinn Þórhallsson.

Starfsmenn

Alls störfuðu 20 einstaklingar hjá félaginu í 14,2 stöðugildum. Litlar breytingar urðu á starfsmannaskipan félagsins á árinu.

Starfsmenn félagsins á árinu voru:

Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi.

Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður.

Eyþór Kamban Þrastarson, aðgengisfulltrúi.

Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.

Guðvarður Birgir Birgisson, húsvörður.

Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla.

Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.

Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustunnar.

Hlynur Þór Agnarsson, aðgengisfulltrúi.

Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi.

Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður.

Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar.

Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri.

Kristín Waage, bókarí.

Lára Kristín Lárusdóttir, afgreiðsla og umsjón með Opnu húsi.

Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi.

Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og félagsmálafulltrúi.

Mónika Elísabet Kjartansdóttir, afgreiðsla og verslun.

Sigþór U. Hallfredsson, formaður.

Þórkátla Norðquist, matartæknir í eldhúsi.

Um nokkurra ára skeið hefur það verið stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum þannig að þær séu ekki útilokandi fyrir blinda eða sjónskerta einstaklinga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 20 starfsmönnum sem taldir eru upp hér fyrir framan eru 10 blindir eða sjónskertir.

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar

Heimsfaraldurinn af völdum kórónuveirunnar setti áfram mark sitt á félagsstarfið. Starfsemin hefur tekið mið af því að verja alla sem sækja félagsstarf, vinnu eða búa í Hamrahlíð 17 gegn smiti. Ástandið hafði minni áhrif á reglubundinn rekstur félagsins og verkefni skrifstofunnar en ætla mætti en félagsstarfið hefur hins vegar orðið fyrir meiri áhrifum. Með góðri aðlögun og útsjónarsemi hefur félagsstarfið samt verið fjölbreytt og margt í boði þó svo að fjölmennari samkomur hafi ekki verið í boði. Þótt sumt hafi fallið niður um tíma nýttum við reynsluna frá fyrra ári og héldum viðburði og samkomur gegnum Vefvarpið og fjarfundabúnað á þeim tímum sem samkomutakmarkanir hömluðu viðburðum í Hamrahlíð 17.

Bæði starfsfólk og félagsmenn hafa sýnt mikla aðlögunarhæfni og æðruleysi við þessar krefjandi aðstæður og tekist vel upp við að gera það besta úr aðstæðum hverju sinni.

Rekstrarniðurstaða

Heilt yfir gekk reksturinn vel á árinu. Heildarvelta félagsins á árinu 2021 nam 276,9 m.kr. sem er 10,2% aukning frá 2020. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 12,4 m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman neikvæð um 3,7 m.kr. Sjá nánar í ársreikningum.

Aðal-, félags- og stjórnarfundir

Aðalfundur Blindrafélagsins var haldinn 15. maí 2021 með stafrænum hætti í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom og útsendingu í Vefvarpinu.

Félagsfundur var haldinn 25. nóvember 2021 í Hamrahlíð 17 og sem fjarfundur í Zoom og í útsendingu í Vefvarpinu. Þetta er í fyrsta skiptið sem haldinn var slíkur tvinnfundur hjá félaginu og gekk það prýðilega vel. Á fundinum var gerð grein fyrir stöðunni á máltækniáætlun og þeim verkefnum sem eru komin í gang á grundvelli hennar.

Annar félagsfundur var haldinn 23. mars 2022 og var það einnig tvinnfundur. Á fundinum var farið yfir niðurstöður úttektar á þjónustunni við blint og sjónskert fólk sem unnin var af Intellecta og Capacent fyrir Blindrafélagið.

Skrifstofa og móttaka Blindrafélagsins

Samkvæmt mælingum fær skrifstofa félagsins að jafnaði um 7.000 símtöl yfir árið, um 650–700 símtöl berast á mánuði yfir vetrartímann sem gerir um 30–35 símtöl á dag að jafnaði, en yfir hásumartímann eru innhringingar um það bil 10–15 símtöl á dag að jafnaði.

Auk þess sinnir móttakan vörusölu og fær einnig ótaldar heimsóknir á ári frá fólki sem leitar eftir upplýsingum og þjónustu skrifstofunnar.

Flutningur í Microsoft Teams

Skrifstofa og stjórn Blindrafélagsins hefur nú flutt mikið af sinni vinni í Microsoft Teams lausnina. Þetta gefur starfsfólki og stjórnarmeðlimum þann möguleika að geta unnið næstum hvar sem þau eru stödd hverju sinni. Starfsfólk sem þarf að vinna heima getur nú gert það og hefur aðgang að öllum sínum gögnum.

Símakerfi félagsins verður einnig færð í Teams árið 2022 til að gefa starfsfólki enn meiri tækifæri til að vera sveigjanlegt í starfi. Einnig opnar þetta á tækifæri fyrir félagið að ráða starfsfólk sem staðsett er fyrir utan höfuðborgarsvæðið í meiri mæli.

Verkefni og fjáraflanir

Rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (58%) kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita

eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni vel þekktra samtaka. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2021 skiluðu fjáraflanir félagsins 76,48 m.kr. umfram beinan og sameiginlegan kostnað á móti 59,19 m.kr. árið á undan.

Vörusala og tækjaleiga

Tekjur af vöru- og þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 27,87 m.kr. Þetta er 25,4% aukning frá fyrra ári. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskerta í huga, eins og t.d. aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auki selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki, eins og Vefvarpið og lestrartæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

Þjónustusamningar og styrkir

Styrkur frá félags- og barnamálaráðuneyti fyrir árið 2021

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við félags- og barnamálaráðuneytið (áður velferðarráðuneytið) sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á vegum félagsins sem miðar að stuðningi til sjálfstæðis. Fyrir árið 2021 var þjónustusamningur upp á 10 m.kr.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2021 hljóðaði upp á 5 m.kr.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Heildarstyrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2021 var 7,5 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ eftirtalin verkefni Blindrafélagsins:

1. Leiðsöguhundaverkefnið.
2. Aðgengisverkefni.
3. RIWC2020-ráðstefnuna í Hörpu. Ráðstefnunni var frestað vegna Covid-19 og verður hún haldin 2022.

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

Bakhjarlar

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú rúmlega 6.000 manns. Bakhjarlakerfið skilaði 46,1 m.kr. hagnaði á árinu 2021, á móti 28,2 m.kr. 2020.

Samstarfið við Miðlun hélt áfram frá fyrra ári. Það felst í því að starfsfólk Miðlunar hringir í fólk og býður því að gerast bakhjarlar félagsins með því að greiða fast mánaðarlegt bakhjarlagjald. Að meðaltali greiða bakhjarlar um 1.600 kr. á mánuði. Fríðindi sem fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging vegna slysa, tímaritið Víðsjá og leiðsöguhundadagatal.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur svo verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári, sumarhappdrætti með útdrætti í júlí annars vegar og desember hins vegar. Gefin voru út 60.000 miðanúmer í hvoru happdrætti.

Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða.

Miðaverð var 2.900 kr. Happdrættið skilaði félaginu 29,3 m.kr. afkomu á árinu þegar allur beinn og sameiginlegur kostnaður hafði verið reiknaður sem er 3,5 m.kr. betri afkoma en 2020.

Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom að vanda út tvisvar á árinu 2021. Um leið og Víðsjá er mikilvæg sem mál gagn Blindrafélagsins er blaðið einnig mikilvægt fjáröflunarverkfæri. Tekjurnar sem félagið hefur af Víðsjá liggja í

valkröfum sem sendar eru þeim sem fá blaðið sent og auglýsingum og styrktarlínunum. Á árinu 2021 skilaði Víðsjá 16 m.kr. í tekjur umfram kostnað. Ritstjóri Víðsjár á árinu var Friðrik Steinn Friðriksson.

Jólaort

Tekjur af jólaortasölu á árinu umfram kostnað voru 3 m.kr. samanborið við 3,6 m.kr. árið 2020. Í ár styrkti Oddfellow-reglan félagið með jólaortum og merkimiðum.

Salan fer að mestu fram með útsendingu á jólaortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda. Alls voru sendir út um 1.600 pakkar ásamt valkröfum að upphæð 2.800 kr. Það var 500 pökkum færri en 2020.

Leiðsöguhundaverkefnið

Í árslok voru 12 leiðsöguhundar starfandi á Íslandi.

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2021 var dagatalið gefið út í 12.000 eintökum.

Áframhald var á kassasölu hjá Bónus, Samkaupum, Nettó, A4 og Krónunni, dagatalið var selt á 2.200 kr. Samtals seldust tæplega 3.000 eintök. Send voru út um 6.300 dagatöl ásamt valkröfu upp á 2.450 kr. Afkoma á árinu 2021 var jákvæð um 9,4 m.kr. samanborið við 9,1 m.kr. á árinu 2020.

Framlög og söfnunarfé til leiðsöguhundaverkefnisins á árinu var 26,8 m.kr. og aðrir styrkir 2,3 m.kr.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.500 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var 1,9 m.kr. en árið á undan var afkoman um 2 m.kr.

Rekstur Hamrahlíðar 17

Útleiga á húsnæði:

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2021 voru 59,3 m.kr. á móti 55,8 m.kr. árið á undan.

Starfsemi í Hamrahlíð 17 er eftirfarandi:

1. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur vegna Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. Auk þess eru skrifstofur Blindrafélagsins á hæðinni.

2. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur. Félagsheimili Blindrafélagsins er einnig á hæðinni og salur sem leigður er út til félagsmanna.

3. og 4. hæð: 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn, tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi til útleigu fyrir félagsmenn og ættingja þeirra til skemmri dvalar. Var nýting gestahúsnæðisins afar dræm sökum þess að bæði herbergin

og íbúðirnar voru að mestu lokaðar vegna sóttvarnareglna.

Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð/endurhæfingaríbúð): 35%.

Íbúð 309 (gestaíbúð): 38%.

Íbúð 304 (gestaherbergi): 18%.

Íbúð 404 (gestaherbergi): 3%.

Viðhaldsframkvæmdir innanhúss

Þar sem virðisaukaskattur er núna endurgreiddur af vinnu iðnaðarmanna við atvinnuhúsnæði er hagstætt að ráðast í viðhaldsframkvæmdir. Húsnæðið hefur þegar verið tekið að utan og unnið er að viðhaldi innanhúss. Meðal viðhalds- og endurbótaverkefna sem ráðist hefur verið í má nefna málun, uppsetningu á vel sýnilegum tröppunefjum og bættu lýsingu. Tekið var í notkun nýtt öryggis- og aðgangskerfi.

Þessu til viðbótar var umtalsvert viðhald á nokkrum leiguíbúðum.

Stækkun Hamrahlíðar 17

Unnið var að hönnun á viðbótarhæð við Hamrahlíð 17.

Áhersluverkefni og réttindagæsla

Ferðapjónusta

Í lok ársins 2021 voru 730 einstaklingar með ferðapjónustusamninga. Þar af eru 137 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 20% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er 123 kr. á ferð.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyrarbær	987,827	604	1,635
Bláskógabyggð	9,325	5	1,865
Fjarðabyggð	235,224	60	3,920
Garðabær	2,399,991	631	3,803
Hafnarfjörður	5,511,480	1,671	3,298
Ísafjarðarbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	2,650	2	1,325
Kópavogsbær	12,153,199	4,794	2,535
Kópavogsbær A kort	3,508,660	1,334	2,630
Reykjavíkurborg	78,584,428	31,594	2,487
Seltjarnanesbær	1,372,751	467	2,939
Seltjarnanesbær A kort	2,087,619	742	2,813
Stykkishólmsbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	19,516	12	1,626

Sveitarfélagið Árborg ferðir á höfuðborgarsvæðinu	142,294	70	2,033
Vestmannaeyjar ferðir á höfuðborgarsvæðinu	56,708	22	2,578
Samtals	107,071,672	42,008	
Notendur með 20% afslátt	1,977,627	809	2,469

Ferðaþjónustukerfið Brynja tekið í notkun

Blindrafélagið hefur nú rekið ferðaþjónustu Blindrafélagsins í mörg ár og hefur við það notað sama tölvukerfið frá upphafi. Árið 2022 tók nýtt umsjónarkerfi við sem hefur verið nefnt í höfuðið á Brynju Arthúrsdóttur sem var einn af frumkvöðlum þessa ferðaþjónustukerfis sem blindir og sjónskertir nýta og nota í dag. Kerfið Brynja tók til starfa í janúar 2022.

Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið aðstoðað félagsmenn við að gæta að eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum kemur lögmaður félagsins fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

Alþjóðasamstarf

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK er samstarfsnefnd norrænna blindrasamtaka og NKK er kvennanefnd þeirra. Árlega eru haldnir tveir fundir í þessum nefndum. Á árunum 2022–2023 fara Íslendingar með formennsku í samstarfinu. Rætt er um sameiginleg málefni sem varða öll samtökin og félagsmenn þeirra. Fyrri fundur ársins 2021 var haldinn rafrænt en sá síðari í Þórshöfn í Færeyjum. Nú er orðin mikil endurnýjun í forystu félaganna og verið er að marka nýja stefnu í samstarfinu. Blindrafélagið tekur einnig þátt í starfi European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI). Innan EBU starfa tölvu- pósthópar um margs konar hagsmuni, m.a. jafnréttismál, aðgengi, menningu og sjónskerðingu (low vision), og hafa starfsmenn og félagsmenn tekið þátt í starfi þessara hópa, m.a. á rafrænum fundum.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomité (NSK), Nordisk kvinnokommitté (NKK) og Nordisk ungdomskommitté (NUK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

Aðgengismál

Starf aðgengisfulltrúa Blindrafélagsins er fjölbreytt og nær yfir ferilfræðilegt og rafrænt aðgengi, auk ýmissa tæknimála. Samvinna með ýmsum aðilum er lykilatriði, þar á meðal með félagsmönnum Blindrafélagsins og annarra hagsmunasamtaka, sérfræðingum Þjónustu og þekkingarmiðstöðvarinnar, ÞPM stjórnendum stofnana og fyrirtækja um land allt.

Undanfarin ár hefur verið unnin mjög góð vinna sem hefur gert aðgengismálin sýnilegri og hefur það m.a. skilað því að stofnanir og fyrirtæki eru meðvitaðri um tilvist og mikilvægi þeirra.

Ein helsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir í dag er að stuðla að því að aðgengismál öðlist fastan sess innan fyrirtækja og stofnana og verði fastur hluti af öllum verkefnum í daglegum rekstri þeirra. Mikil tækifæri felast í breytingu vinnuferla þegar kemur að stafrænni og ferilfræðilegri uppbyggingu. Það viðhorf sem við viljum sjá á fleiri stöðum er að aðgengi sé haft til hliðsjónar frá upphafi og í gegnum allt ferlið, allt frá upphafi til enda. Aftur á móti er endir frekar loðið hugtak og er það einnig tilefni til viðhorfsbreytinga, að aðgengi er ekki áfangastaður heldur ferðalag og ber ávallt að hafa það í huga.

Skuggaskýrsla SSRFF

Blindrafélagið vann, í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands, að gerð skuggaskýrslu við skýrslu stjórnvalda um stöðu innleiðingar á Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skuggaskýrslan er mikilvægur mælikvarði á núverandi stöðu og stöðu þeirra aðgerða sem nú þegar hefur verið gripið til. Einnig er hún öflugt verkfæri til að skilgreina, útfæra og framkvæma þau verkefni sem eftir standa og þarfnast úrbóta.

Prófanir og úttektir á stafrænu aðgengi

Reglulega berast beiðnir frá fyrirtækjum og stofnunum um að meta aðgengi blindra og sjónskertra að vefsíðum, smáforritum o.s.frv. Þessi verkefni hafa færst í aukana á undanförunum árum og telur félagið það vera af hinu góða. Aukin eftirspurn eftir aðgengisúttektum bendir til þess að vitund í samfélaginu um mikilvægi aðgengis hefur aukist. Það verður að teljast sérlega ánægjulegt þar sem mikil vinna hefur árum saman farið í að auka skilning atvinnulífsins og hins opinbera á aðgengi og mikilvægi þess.

Í desember fór af stað nýtt verkefni sem gengur út á að framkvæma reglulegar úttektir á mikilvægum vefsvæðum með það að markmiði að bæta og viðhalda

aðgengi. Þótt verkefnið sem slíkt sé skammt á veg komið er svörun jákvæð frá þeim stofnunum sem haft hefur verið samband við.

Íslensku vefverðlaunin

Aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins tók sæti í dómnefnd Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) fyrir íslensku vefverðlaunin 2021. Þetta reyndist gott tækifæri til að minna á aðgengi og mikilvægi þess innan vébanda vefiðnaðarins og hafa áhrif á hvaða vefir hljóta viðurkenningar fyrir góða hönnun.

Vefþula

Blindrafélagið hefur haldið áfram samstarfi sínu við hollenska tæknifyrirtækið ReadSpeaker varðandi rekstur og kynningu á íslensku vefþulunni. Fjöldi vefja sem nýta sér hana heldur líka áfram að vaxa. Vefþulan er eitt þeirra verkfæra sem þjónustar að stærstum hluta fólk sem er ekki félagsmenn Blindrafélagsins, t.d. lesblinda og fólk sem er ekki með íslensku sem sitt fyrsta tungumál.

Hraðbankar, greiðsluposar með snertiskjá og sjálfsafgreiðslukassar

Fröð þróun í tæknigeiranum hefur óneitanlega neikvæð áhrif á okkar félagsmenn ef ekki er hugað að aðgengi þegar nýjar lausnir eru teknar í notkun. Þetta hefur gerst með aukinni notkun snertiskjáa á hinum ýmsu tækjum, svo sem hraðbönkum, greiðsluposum, afgreiðslukössum og kaffivélum.

Til að reyna að vinda ofan af neikvæðum áhrifum þessa hefur félagið verið í samskiptum við kortafyrirtæki og móðurfélög þeirra erlendis til að gera greiðslu- posa aðgengilega þeim sem ekki geta nýtt sér sjónina við notkun þeirra. Einnig hefur verið haft samband við íslensku bankana og tæknifyrirtækin sem standa að baki rekstri hraðbanka þeirra í sama tilgangi.

Því miður hefur ekkert áþreifanlegt áunnist í þessum málaflokki á árinu, en takmarkið nálgast og vakin hefur verið athygli á þessum málum. Félagið lítur það alvarlegum augum að jafn mikilvæg þjónusta og að greiða fyrir vöru og þjónustu sé ekki aðgengileg öllum á jafnréttisgrundvelli og munum við halda áfram þeirri vinnu að tryggja að svo verði.

Leiðarlínur, áherslumerkingar, tröppunef o.fl.

Blindrafélagið hefur hingað til séð sjálft um kynningu og innflutning á leiðarlínum fyrir blinda og sjónskerta þar sem ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur kosið að sinna því. Sú staða breyttist á árinu þegar félagið tók upp samstarf við fyrirtækið Iggis, en það flytur inn leiðarlínur frá Svíþjóð og býður einnig upp á uppsetningu. Því ber að fagna að fleiri eru farnir að sýna þessu málefni áhuga, enda eru fjölmargir staðir hérlendis þar sem aðgengi er verulega ábótavant.

Máltækniáætlun – talgervlar og Emblu-box

Blindrafélagið hefur lagt sitt af mörkum í starfsemi Almennaróms og íslensku máltækniáætlunarinnar. Félagið hefur verið í ráðgjafahlutverki og gert prófanir

á nýjum íslenskum talgervilsröddum sem og fyrsta íslenska snjallhátalaranum, sem enn er unnið að og ber heitið Emblu-box.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

Blindrafélagið hefur tekið þátt í og haldið fjölda fyrirlestra, flesta með notkun fjarfundabúnaðar, hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum. Þar hefur áhersla fyrst og fremst verið lögð á aðgengismál. Fyrirlestrar sem þessir eru fastur liður í starfsemi félagsins, að kynda undir þessum málaflokki, vekja fólk til umhugsunar og benda á ýmis vandamál og lausnir.

NaviLens

NaviLens er ný og þróuð tækni sem virkar á svipaðan hátt og QR-kóðar. Notagildi þeirra er þó mun víðara, þar sem mögulegt er að greina þá úr 12 sinnum meiri fjarlægð en QR-kóða í sömu stærð. Um spennandi verkefni er að ræða þar sem þessi lausn gæti reynst blindum og sjónskertum sérlega vel þegar kemur að aðgengi að stórum og flóknum rýmum. Viðræður um notkun NaviLens eru í gangi við einn stóran aðila sem við vonumst til að kynna formlega á komandi vikum.

Tæknimál og tækniráðgjöf

Baldur Snær sinnir starfi tölvu- og tækniráðgjafa. Starfið er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu. Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst blindum og sjónskertum.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar hjá tækniráðgjafanum fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (PPM) og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun tölvu og tækja.

Einnig er hægt að bóka viðtals-, aðstoðar- eða kennslutíma fyrir t.d. vefvarpsnotkun eða fyrir notkun talgervla.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Blindrafélagið hefur haldið áfram að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Einnig er hægt að kaupa íslensku raddirnar hjá Blindrafélaginu.

Árið 2021 voru úthlutaðar og seldar um 180 raddir. Frá upphafi hafa um 2.200 einstaklingar og fyrirtæki keypt eða fengið úthlutað röddum af Blindrafélaginu. Í ársbyrjun 2021 kom í ljós að við uppfærslu í Android 11 á farsímum og spjaldtölvum hættu íslensku raddirnar Karl og Dóra að virka. Félagið sendi frá sér tilkynningu og varaði við þessari uppfærslu á sama tíma og haft var samband

við Almennaróm og SÍM – Samstarf um íslenska máltækni. Forgangsröðun á íslenskum máltækniverkfærum hefur verið breytt og er nú ný talgervilrödd fyrir Android-stýrikerfið framfar í röðinni. Vonast er til að ný rödd verði aðgengileg og nothæf fyrir Android árið 2022 eða 2023.

Vefvarp Blindrafélagsins

Framleiðendur Vefvarpsins, Solutions Radio, hefur verið samstarfsaðili Blindrafélagsins núna í 10 ár. Í ársbyrjun 2022 var fyrirtækið keypt og er nú orðið hluti af fyrirtækjunum Lexima Reinecker Vision, Sensotec og Lexima. Þessi kaup eiga ekki að hafa nein áhrif á gott samstarf okkar og er áætlunin að halda áfram dreifingu og notkun á Vefvarpinu um komandi ár. Þessi sameining gefur Blindrafélaginu hugsanleg önnur tækifæri á nýjum lausnum frá þessum fyrirtækjum og er það í skoðun um þessar mundir.

Úthlutun á Vefvarpinu eykst en samt minna en áður. Kannski spilar Covid-19 stórt hlutverk þar sem fólk fór lítið út úr húsi á tímum heimsfaraldurs. Færra fólk kom á þeim tíma í Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina og þar af leiðandi var færri tækjum úthlutað.

Við höfum haldið áfram að bæta nýju efni inn í Vefvarpið. Fleiri vefsíður hafa verið settar inn eftir óskum notenda og einnig hefur verið bætt við liðnum íslenskir hlaðvarpsþættir. Hægt er að nálgast yfir 30 vinsæla íslenska hlaðvarpsþætti í Vefvarpinu og við hvetjum fólk til að láta okkur vita ef það veit um hlaðvarp sem það vill geta hlustað á í tækinu.

Mötuneyti Blindrafélagsins – skýrsla matráðs

Árið 2021 seldust 4.518 máltíðir en Covid-19 spilaði stórt hlutverk þetta árið eins og árið á undan. Eldhúsið var að mestu bara opið fyrir starfsmenn og íbúa hússins.

Í 47 Opnum húsum seldust 478 kaffiskammtar.

Gestir í boði umsjónarmanna voru 81 og 20 leikskólabörn sungu fyrir Opið hús.

Í eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímum.

Vinnuaðstaðan er mjög góð.

Í starfinu eru höfð að leiðarljósi þau ráð sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvet ég einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Fylgt er þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en dagleg þrif eru stór þáttur í starfi mínu sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, svo sem kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig er gæðaeftirlitskerfi GÁMES fylgt og því er farið vandlega

yfir þær vörur sem berast í eldhúsið. Ástand þeirra er kannað, pakkningar, flutningar og meðhöndlun.

Með þetta að leiðarljósi er ávallt leitast við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar. Einnig er mikilvægt að vera í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði hráefnis. Matseðlarnir eru unnir til sex vikna í senn, í samráði við birgjana og út frá því hvort hægt sé að útvega besta mögulega hráefnið hverju sinni.

Stefnan er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs, en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái sem bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

Útgáfa og upplýsingaflæði

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öfluggu upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

- Við streymum flestum viðburðum og öllum fundum í gegnum Vefvarpið.
- Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Hljóðbrot, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur að jafnaði út mánaðarlega og er aðgengilegt á miðlum félagsins og í hlaðvarpsveitum.
- Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum.
- Heimasíðan er mikilvægur vettvangur, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.
- Fésbókarsíða félagsins er mikilvægt tól til að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins til almennings.

Félagsmál og jafningjastuðningur

Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn

Félagsmenn Blindrafélagsins eru nú 747 talsins. Frá byrjun maí 2021 til 1. mars 2022 hafa 53 manns bæst í hópinn. Þegar nýir félagsmenn eru skráðir fá þeir senda möppu með kynningarefni um félagið og nýjasta tölublað tímaritsins Víðsjá. Trúnaðarmenn fá um leið upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt er.

Félagsmálafulltrúi heldur einnig erindi fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Öku-skólanum í Mjódd. Kennslan er aftur hafin en lá að hluta til niðri vegna Covid. Sagt er frá Blindrafélaginu, ferðaþjónustu blindra og leiðbeint með hvernig best sé að aðstoða blinda og sjónskerta. Að jafnaði taka 10 til 15 manns þátt í þessum námskeiðum.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn hafa reglulega samband við skjólstæðinga sína og er almenna reglan sú að þeir hringja tvisvar á ári. Trúnaðarmenn veita stuðning á

jafningjagrunni. Lítill hópur félagsmanna, m.a. einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum eða einir, fær þó hringingu oft frá trúnaðarmanni sínum. Yngri félagsmenn afþakka frekar þessa þjónustu eða biðja um símhringingu einu sinni á ári. Trúnaðarmenn benda fólki á ýmis bjargráð, m.a. sálfræði- og félagsráðgjafþjónustu hjá Sjónstöðinni. Trúnaðarmenn eru þau Dagný Kristmannsdóttir, Helga Friðriksdóttir og Jón Helgi Gíslason.

Félagsstarfið

Mikið af hefðbundnu félagslífi og samkomuhaldi hefur legið niðri á starfsárinu vegna samkomutakmarkana. Samt sem áður hefur tekist að halda úti ótrúlega miklu starfi með útsjónarsemi og breyttu sniði.

Opið hús

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, sem getur m.a. verið söngur, upplestur, tónlist og/eða gamansögur.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 12–15 manns.

Opið hús var líkt og á síðasta starfsárinu ekki með sama hefðbundna sniði og hefur verið árin á undan, en starfsemin fór samt sem áður fram á þriðjudögum og fimmtudögum, ýmist í salnum okkar á 2. hæð eða einungis streymt þær stundir sem samfélagið bauð ekki upp á að fólk kæmi saman. Áfram héldum við í nýjar leiðir með beinar útsendingar í gegnum Vefvarp Blindrafélagsins ásamt því að hafa aðgengilegar upptökur af eldri Opnum húsum hvenær sem fólki hentar að hlusta.

Þó að aðstæðurnar þetta árið hafi ekki boðið upp á mikið frekar en í fyrra náðum við þó að hittast alls 47 sinni í salnum okkar sem er níu skiptum oft en á síðasta ári.

Upptökur af Opnu húsi hafa verið mjög vinsælar og frá janúar til maí 2021 var hlustun að meðaltali 73 skipti og meðaltal hlustana frá september 2021 til 10. mars 2022 var 33 skipti.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, Jónína Herborg Jónsdóttir, Ólafur Beinteinn Ólafsson, Steinunn Helgu Hákonardóttir og Anna Sigríður Helgadóttir. Einnig var Ingunn Jensdóttir til taks í afleysingum.

Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli.

Lára Kristín Lárusdóttir, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins, hefur yfirumsjón með starfseminni og samræmdi dagskrá.

Opið hús fer vanalega í fimm ferðir og heimsóknir yfir árið en eins og gefur að skilja varð ekkert úr neinni slíkri skemmtun þetta árið.

Í ferðalögum sem og viðburðum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgreiðslu og eldhúsi félagsins, bæði við undirbúning og framkvæmd.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst kl. 11 með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur með tónlistardagskrá. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi haldið einu sinni vegna aðstæðna.

Skemmtinefnd

Skemmtinefnd stóð fyrir tveimur viðburðum, jólahlaðborði og þorrablóti góð mæting var á báða viðburðina.

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins hefur verið starfandi frá hausti 2019. Starfsemi klúbbsins samanstendur af styrktaræfingum, jóga og slökun sem er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16:30–18:15. Auk þess hefur verið boðið upp á Stangarstuð, léttar teygjur með stöng, á mánudögum og miðvikudögum. Þrátt fyrir Covid-19 hefur tekist að halda úti starfsemi klúbbsins með þeim takmörkunum sem hafa verið í gildi á hverjum tíma. Hluti starfsemi klúbbsins flutti úr heilsusalnum í samkomusal Blindrafélagsins í kjölfar framkvæmda og minnkunar á heilsusalnum. Virkir iðkendur í salnum eru að meðaltali átta manns og einn til tveir hundar. Yfir sumartímann er haldið úti gönguæfingum á miðvikudögum og sumar helgar í samvinnu við Heljarmannafélagið. Umsjón með Heilsklúbbnum hefur Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir jógakennari.

Heljarmannafélagið

Heljarmannafélagið stóð fyrir fimm daga göngu á Víknaslóðum í nágrenni Borgarfjarðar eystri fyrstu vikuna í júlí 2021. Alls tóku 20 manns þátt. Í undanfara göngunnar var efnt til fjölda æfingagangna um helgar og á miðvikudögum. Meðal annars var gengið á Esjuna, Helgafell, í Búrfellsgjá, á Skálafell, Víðihlíðina og Úlfarsfell. Allar þessar æfingagöngur og gangan á Víknaslóðum tókust vel. Undirbúningur er hafinn fyrir göngu sumarsins 2022 og er áætlað að ganga á Suðurlandi fyrstu viku í júlí.

Retina Ísland

Retina Ísland (RP-deild) er vettvangur þeirra sem eru með arfgenga ólæknandi hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandenda þeirra. Megináherslan er á fræðslu og jafningjastuðning og að fylgjast með vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla því til félagsmanna. Retina Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International (RI) og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna. Formaður Retina Ísland er Sigþór U. Hallfredsson.

Meginverkefnið undanfarin ár hefur verið að undirbúa ráðstefnuna RIWC22 en á sama tíma hafa fræðslu- og jafningjastuðningsfundir látið undan síga vegna sóttvarnatakmarkana.

Á aðalfundi Retina International (RIWC) 2018 var Blindrafélaginu, fyrir hönd Retina Ísland, falið að halda ráðstefnu samtakanna árið 2020. Áætlað var að ráðstefnan yrði í Hörpu í byrjun júní 2020 samhliða norræna augnlæknaþinginu NOK2020. Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar var báðum ráðstefnum frestað um tvö ár, til júní 2022.

Dagskrá ráðstefnanna verður samþætтуð í sameiginlegri fyrirlestrálinu um arfgenga sjónhimnusjúkdóma fyrir fagfólk samhliða sérstakri fyrirlestaröð fyrir leikmenn. Þar gefst tækifæri til að heyra frá fyrstu hendi hvað er markverðast að gerast á sviði rannsókna og þróunar á meðferðum við arfgengum hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu.

RIWC22 og NOK22 verða í Hörpu dagana 8.–11. júní 2022, sjá nánar á www.riwc2022.is.

Árlegur samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var haldinn í fjarfundi 4. desember 2021. Á þessum vettvangi er upplýst um helstu áskoranir og verkefni sem verið er að vinna að í hverju landi og aðrir geta lært af, auk þess að fræðast um nýjar og væntanlegar meðferðir sem eru til rannsóknar á meðfæddum hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum. Næsti fundur verður hér á landi í júní í tengslum við RIWC22-ráðstefnuna.

Samstarfsaðilar innanlands

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að starfsemi og stjórnun eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- *Almannaheill, samtök þriðja geirans,*
- *Almannarómur,*
- *Hjúkrunarheimilið Eir,*
- *Hljóðbókasafn Íslands,*
- *Margrétarsjóður,*
- *Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,*

- *Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindrafinafélags Íslands og Blindrafélagsins,*
- *Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,*
- *Tölvumiðstöð fatlaðra,*
- *Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu,*
- *Öryrkjabandalag Íslands.*

Lokaorð formanns

Undanfarin tvö starfsár hafa afar sérstakar aðstæður litað alla starfsemi á vegum Blindrafélagsins. Forsvarsmenn deilda, nefnda og klúbba innan félagsins sem og starfsfólk þess og Blindravinnustofunnar hafa tekist á við breyttar aðstæður af stakri þrýði.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég þeim öllum kærar þakkir fyrir vel unnin störf, mikla aðlögunarhæfni og útsjónarsemi við að láta allt ganga upp við óvenjulegar aðstæður.

Velunnurum félagsins eru færðar alúðarþakkir fyrir dýrmætan stuðning og vinarhug. Sömuleiðis færi ég stjórnarmönnum mínar bestu þakkir fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf á árinu.

Félagsmönnum, sem gert hafa starfsemi Blindrafélagsins jafn blómlega og raun ber vitni í gegnum tíðina, erum við þakklát fyrir þeirra verðmæta framlag. Hinn gagnkvæmi jafningjastuðningur sem fæst með góðri og víðtækri þátttöku félagsmanna er ómetanlegur og gefandi.

Jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing eru þau gildi sem Blindrafélagið hefur valið sér að leiðarljósi. Þau er gott að hafa í huga í dagsins önn og jafnframt einkunnarorð og megintilgang félagsins sem er stuðningur til sjálfstæðis.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins,
Sigþór U. Hallfredsson, formaður

Aðrar skýrslur

Blindravinnustofan 2021

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 einstaklingar, þar meðtaldir rekstrarstjóri, þroskaþjálfari og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í innflutningi á hreingerningavörum til þökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Pýskaland, Bretland, Svíþjóð, Kína og Bangladesh. Vörurnar eru meðal annars seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er til að mynda ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir, auk vörumerkinga fyrir ýmis fyrirtæki.

Annað árið í röð setti Covid-19 faraldurinn mjög mikinn svip á rekstur og starfsemi Blindravinnustofunnar. Fyrstu mánuðina hliðraðist starfsemin vegna sóttvarnareglna yfirvalda. Starfsmenn unnu í afmörkuðum hópum í Hamrahlíðinni og einnig voru nokkrir starfsmenn heima. Þetta fyrirkomulag var nauðsynlegt til að geta haldið úti starfseminni en fyrirkomulagið skapaði einnig aukið álag fyrir starfsmenn. Með breytingum á samkomutakmörkunum yfirvalda komst starfsemin smám saman í eðlilegt horf. Sala ársins var með ágætum. Gríðarlegar verðhækkanir frá innlendum og erlendum birgjum og flutningsfyrirtækjum höfðu mikil áhrif á reksturinn. Þrátt fyrir að tekist hafi að mæta þessum verðhækkunum að hluta lækkaði framlegðin og niðurstaða ársins var tap.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Almennt um árið 2021 hjá Sjónstöðinni – þjónustu- og þekkingarmiðstöð

Starfsemi Sjónstöðvarinnar árið 2021 gekk almennt vel þrátt fyrir viðvarandi áhrif Covid-19 heimsfaraldurs. Starfsfólk Sjónstöðvarinnar var orðið vant að vinna í slíkum aðstæðum og starfsemin skipulögð þannig að þetta hefði sem minnst áhrif á þjónustuna.

Ákveðið var að tala um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem Sjónstöðina frekar en Miðstöð í daglegu tali þar sem það er mun meira lýsandi orð yfir starfseminna

og byggist á gömlum grunni. Eins og margir þekkja rann Sjónstöð Íslands inn í Þjónustu- og þekkingarmiðstöð ásamt fleiri þjónustubáttum. Það verður að segjast að það er mun þægilegra að kynna starfsemina með nafninu Sjónstöð en stofnunin með langa nafninu eða með nafninu Miðstöð sem er mjög opið og vekur upp spurningar um hvaða miðstöð er átt við. Langa nafnið mun samt halda sér í undirtitli stofnunarinnar.

Breyting varð á yfirstjórn starfseminnar er Bjarni Kr. Grímsson sem settur var forstjóri út febrúar 2021 fór aftur í starf skrifstofustjóra og nýr forstjóri tók við. Elfa Svanhildur Hermannsdóttir var ráðin forstjóri stofnunarinnar og hóf hún störf þann 1. mars 2021. Elfa Svanhildur er starfsemi stofnunarinnar vel kunnug sem og mörgum starfsmönnum hennar, en hún starfaði hjá stofnuninni á upphafsárum hennar og tók þátt í undirbúningi sem kennsluráðgjafi hjá Blindrafélaginu.

Stöðugildi stofnunarinnar árið 2021 voru 23,2 en alls voru starfandi 25 einstaklingar í ýmsum störfum, svo sem sjónfræðingar, sérkennsluráðgjafar, umferlisráðgjafar, ráðgjafar í athöfnum daglegs lífs, félagsráðgjafi, virkniráðgjafi, tölvu- og tækniráðgjafar, leiðsöguhundabjálfi, sérfræðingar í aðlögun á lesefni, kynningar- og samskiptafulltrúi, verkefnastjóri, persónuverndarfulltrúi, augnlæknir, augnsmiður og starfsfólk skrifstofu. Starf virkniráðgjafa var endurvakið. Það er líka gaman að segja frá því að í fyrsta skipti starfar nú táknumálstalandi starfsmaður hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð.

Vegna Covid-19 var ekki mikið um ferðalög eða skipulagðar ráðstefnur erlendis, en allir fundir fóru fram á netinu. Til að koma til móts við starfsfólk sem ekki gat sótt sér fræðslu erlendis var fræðslan færð heim á vinnustaðinn. Sett var af stað starfsþróunarvika sem haldin var í september en þá kom til stofnunarinnar erlendur sérfræðingur í málefnum blindra, sjónskertra og nemenda með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Allt starfsfólk stofnunarinnar sótti námskeiðið og eftir námskeiðið tóku sérkennsluráðgjafar og sjónfræðingar við að innleiða efnið *jákvæð sjónþjálfun* (e. Positive Looking). Hægt var að bjóða upp á þessa fræðslu með stuðningi sjóðs Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins; *Stuðningur til sjálfstæðis*.

Í lok árs fékk Sjónstöðin inn nýja tegund stækkunartækja sem eru höfuðborin og byrjaðar eru tilraunir með þau. Þetta eru snjalltæki og helstu kostir þeirra eru að margir þeirra sem höfðu það slæma sjón að sjónvarpsáhorf var þeim illmögulegt geta nú horft með þessu tæki sem færir myndina nær augunum en önnur stækkunartæki hafa hingað til getað gert. Með tækinu er hægt að velja á milli mismunandi stillinga, svo sem að horfa á sjónvarp/tölvu, sjá umhverfið í kringum sig, lesa texta, fá texta lesinn upp, taka myndir og skoða þær, auk þess að horfa á myndbönd.

Áframhaldandi vinna hefur verið með nýtt tölvukerfi Sjónstöðvarinnar, Visku, og auðveldar það alla tölfræðilega úttekt er varðar þjónustu og flokkun á sjónskerðingu. Við erum vonandi farin að sjá fyrir endann á þróun kerfisins og að hægt verði að líta á það sem fullklárað kerfi.

Fjármagn til gleraugnaendurgreiðslna jókst á árinu en breyting varð á reglugerð vegna barna sem nota gleraugu. Eitt af verkefnum Sjónstöðvarinnar er að sjá um gleraugnaendurgreiðslur fyrir börn yngri en 18 ára, en alls fengu einstaklingar 4.032 gleraugnaendurgreiðslur árið 2021. Samtals voru greiddar út rúmlega 46 m.kr. á árinu vegna þess, í samanburði við 30 m.kr. árið á undan.

Ný heimasíða var tekin í gagnið á árinu. Enn er verið að vinna í síðunni til að gera hana betri og aðgengilegri.

Í lok árs var gerð breyting á lögum um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð og lagagrein um leiðsöguhunda bætt við (lög nr. 160/2008, gr. 8 a):

Ríkissjóður skal tryggja árlega fjármagn til að afla, þjálfa og flytja inn leiðsöguhunda til samræmis við eftirspurn hverju sinni. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sér um öflun leiðsöguhunda í samstarfi við Blindrafélagið. Notendur skulu ekki bera kostnað sem hlýst af öflun og þjálfun slíkra hunda eða vegna flutnings slíkra hunda til og frá landi hverju sinni.

Miðstöðin tekur á móti og afgreiðir umsóknir um leiðsöguhunda. Þeim skal úthlutað til einstaklinga sem taldir eru, að undangengnu mati, geta nýtt sér þá sem hjálparkæki til aukins öryggis og sjálfstæðis við daglegt líf. Úthlutun er fylgt eftir með þjálfun hjá sérþjálfuðum hundabjálfurum og umferliskennurum. Úthlutun fylgir mat á aðstæðum einstaklings og mat á þörun einstaklings og leiðsöguhunds.

Rísi ágreiningur um ákvörðun miðstöðvarinnar skv. 1.–2. mgr. er heimilt að kæra ákvörðun hennar til ráðuneytisins.

Þessi breyting á lögum hefur ekki breytt vinnulagi. Blindrafélagið safnar fyrir leiðsöguhundum og gefur þá í þjónustu til Sjónstöðvarinnar sem sér um rekstur og þjónustu við þá.


Nýr leiðsöguhundabíll ásamt nýjum stól fyrir augnsmið bárust Sjónstöðinni að gjöf í lok árs fyrir tilstuðlan Rebekkustúkunnar Bergþóru, en þær systur færðu Sjónstöðinni þessar dásamlegu og þörfu gjafir. Fyrri stóll augnsmiðsins var um aldargamall tannlæknastóll og því sannarlega komin þörf á nýjan stól. Einnig var ökutækið sem notað var til að aka leiðsöguhundum á milli staða, svo sem til

og frá dýralæknum, komið verulega til ára sinna. Það var því himnasending fyrir okkur að fá frá þeim systur sérútbúinn nýjan bíl til að geta sinnt skyldum okkar gagnvart leiðsöguhundunum.

Þá fékk Sjónstöðin líka að peningagjöf andvirði eins hunds en þeir peningar voru nýttir til að kaupa hund sem kemur til starfa. Einnig fengum við peningagjöf frá einstaklingi til að sinna starfsemi barnanna betur og voru þeir nýttir til að kaupa sjónörvunarvörur sem og hreinsitæki fyrir gleraugu.

Notendur


Við árslok 2021 voru 1.715 einstaklingar í skráðu ferli eða þjónustu hjá Sjónstöðinni. Þar af voru 205 börn á aldrinum 0–18 ára, 386 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára, og 1.124 voru eldri en 67 ára. Mikil fjölgun hefur orðið á notendum milli ára og gaman er að skoða tölur frá 2017 og bera saman við árið 2021. Til samanburðar má nefna að árið 2017 var fjöldi notenda 1.577 og árið 2010 voru tæplega 1.300 manns á skrá. Það sést því vel hvernig notendahópurinn vex hratt.



Tafla sem sýnir samanburð á fjölda notenda 2017 og 2021.

Það er margt sem getur valdið sjónskerðingu eða blindu; augnsjúkdómar eða aðrar orsakir. Einstaka greiningar skera sig þó úr varðandi fjölda. Af notendum Sjónstöðvarinnar eru 920 notendur greindir með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD), 98 notendur með gláku og 107 notendur með RP eða sjónukyrking. Af þeim sem eru með AMD eru 417 í sjónskerðingarflokki 1 sem er veruleg sjónskerðing og 430 lögblindir eða blindir. Af hópnum 18–67 ára sem eru með RP eru 12 í sjónskerðingarflokki 1, 29 í lögblinduflokki 2, 37 í blinduflokki 3, 17 í blinduflokki 4 og tveir í blinduflokki 5. Af börnum eru 60 með heilatengda sjónskerðingu, eða 30%, 24 eru í sjónskerðingarflokki 1, þrjú í lögblinduflokki 2, 37 í lögblinduflokki 9 og þrjú í blinduflokki 4.

Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru 162, einstaklingar með síðbúna samþætta skerðingu eru 42 og með meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu eru 49 einstaklingar.



Tafla sem sýnir fjölda notenda með eftirfarandi orsakir sjónskerðingu: AMD, gláku, RP, heilatengda sjónskerðingu og sjónsviðsskerðingar.

Hjálpartæki

Fjöldi úthlutaðra hjálpartækja í lok árs var alls 1.488. Af þeim voru þrjú nýir leiðsöguhundar. Alls var úthlutað 512 gleraugum, 414 stækkunarglerjum, 72 stækkunartækjum og 94 hvítum stöfum.

Framleiðsludeild

Á árinu 2021 voru skráðar 1.944 pantanir hjá framleiðsludeildinni en árið 2020 voru þær 1.870.

Alls voru 76 námsmenn sem nýttu sér þjónustu útgáfusviðsins. Langflestar pantanir eru vegna háskólaefnis, eða alls 815. Þar á eftir koma pantanir fyrir grunnskóla, alls 662. Flestar pantanir sem fara frá útgáfusviðinu fara út í tölvutæku formi, þ.e. eru settar upp í MS Word og/eða pdf til að hægt sé að nýta talgervil við lestur.

Fræðsla

Sjónstöðin hélt 31 námskeið og fræðslufundi til samanburðar við 26 námskeið árið 2020. Þátttakendur voru 361 talsins og tímafjöldi samtals 109 klukkustundir.

Þróunarverkefni

Sjónstöðin var þátttakandi í nokkrum þróunarverkefnum sem lauk 2021. Þátttaka í slíkum samstarfsverkefnum er mjög mikilvæg fyrir stofnun eins og Sjónstöðina til þekkingarauka, svo framþróun geti átt sér stað og til að ýta undir samskipti starfsfólks við aðra innan sama fagsviðs.

Verkefnin sem lauk á árinu eru eftirfarandi:

I-Express II-verkefnið gekk út að búa til forrit sem hjálpar fagfólki sem vinnur með einstaklingum með MDVI (einstaklingar með viðbótarfatlanir og sjónskerðingu). Einnig til að nota skimunarlista sem búinn var til í iExpress I-verkefninu. Ábyrgðaraðili forritsins er ASPAYM Valladolid á Spáni en VISIO í Hollandi er umsjónaraðili verkefnisins í heild. Þetta var framhaldsverkefni en niðurstöður úr fyrra verkefninu voru nýttar til að búa til handbók með leiðbeiningum fyrir skimunarlista (tölvunotkun, spjaldtölvu) fyrir fagfólk og kennara sem vinna með MDVI-nemendum. Niðurstöðurnar verða nýttar til að gera einstaklingsáætlun í upplýsingatækni fyrir fagfólk og kennara. Þær yrðu hluti af verkfærakistu sem hægt væri að nýta til að taka stöðuna og skoða tölvu- og tæknifærni nemenda með MDVI og meta framfarir þeirra á því sviði.

VIVA-verkefnið gekk út á að valdefla blint og sjónskert fólk á aldrinum 18–30 ára og veita því tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika, jákvæða sjálfsmynd og samvinnu. Þátttakendur fræddust um félagslega frumkvöðla (e. social entrepreneurship) og atvinnutækifæri tengd því að stofna eigið fyrirtæki. Efnið er aðgengilegt á heimasíðu Sjónstöðvarinnar undir Samstarfs- og Evrópuverkefni.

Verkefni í gangi og framundan:

Verkefnið Að hugsa sér – Bækur fyrir blind og sjónskert börn. Það fékk styrk úr sjóðnum *Stuðningur til sjálfstæðis* og er markmið verkefnisins *Að hugsa sér* að auka aðgengi blindra barna að bókum, sem hingað til hefur verið mjög takmarkað á Íslandi. Mikilvægt er að mæta þörfum blindra barna fyrir bækur til jafns við sjáandi börn. Þegar útbúa á bók þarf að huga að ýmsu eigi bókin að vera blindum börnum aðgengileg þar sem þau þurfa að nota önnur skynfæri en sjón við lestur og skoðun bóka. Verkefnið hófst í september 2020 og lauk í september 2021. Þegar er búið að ákveða að gera framhaldsverkefni árið 2022.

Ekki var byrjað á neinum nýjum Evrópuverkefnum á árinu 2021 sökum heimsfaraldurs og nýrrar áætlunar *Evrópsku verkefnaáætlanirnar*, en horft er til þess að hefja ný verkefni 2022.

Sjónstöðin tók þátt í úttekt hjá Blindrafélaginu á þjónustu við blint og sjónskert fólk. Fyrirtækið Intellecta vann að úttektinni og þar var skoðað hvaða lagaákvæði Sjónstöðin væri að uppfylla með tilliti til þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga.

Lokaorð

Árið 2021 var einkar skemmtilegt starf hjá stofnuninni þrátt fyrir áskoranir sökum heimsfaraldurs. Starfsfólkið lagði mikið á sig til að láta starfsemina

ganga upp og veita góða þjónustu. Margar nýjungar eru framundan í starfseminni, svo sem fræðsla í samstarfi við Starfsmennt fyrir starfsfólk ríkisstofnana, þróun á fjarþjónustu o.fl.

Ég vil nota tækifærið hér til að þakka fyrir frábærar móttökur í starfi sem forstjóri hjá Sjónstöðinni – þjónustu- og þekkingarmiðstöð. Kærar þakkir til starfsfólks og félagsmanna Blindrafélagsins.

F.h. Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Elfa Svanhildur Hermannsdóttir

Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2021

Covid-19 setti áfram svip á allt samfélagið og þar með starfsemi safnsins. Fyrri hluta ársins voru starfsmenn á vöktum og unnu að hluta til heima til þess að gæta fyllstu varúðar og tryggja þjónustu við lánþega.

Framleiðsla á bókum gekk ágætlega. Fleiri bækur voru keyptar af útgefendum en fyrri ár enda mikil breyting orðin í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna. Alltaf má þó gera betur og nauðsynlegt er að tryggja gott hlutfall aðgengilegra bóka. Kristinn Halldór Einarsson, formaður samráðshóps Hljóðbókasafnsins, óskaði eftir að þetta hlutfall væri kannað reglulega og hugað að samanburði við heildarútgáfu. Í stuttu máli má segja að safnið komi vel út þegar færri bækur koma út á markaði en hlutfallið versni þegar mikil gróska er í bókaútgáfu enda fjöldi bóka sem safnið gerir aðgengilegar svipaður frá ári til árs. Síðustu ár hafa um 400 bækur verið gerðar aðgengilegar á vegum safnsins, eða keyptar af útgefendum, sem svarar til um 23% allra bóka sem koma út á Íslandi sé tekið mið af árinu 2021. Samanburðurinn er þó flókinn enda eru í tölum frá Hagstofunni allar bækur, endurútgáfur, ferðamannabækur, ljósmyndabækur og fleira sem safnið hefur því miður ekki tök á að sinna.

Mikil ánægja með þjónustu Hljóðbókasafns Íslands

Á árinu vann fyrirtækið Intellecta þjónustuúttekt fyrir Blindrafélagið á nokkrum þáttum. Lagt var mat á hvort stofnunin gæti með góðu móti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og hvort tækifæri væru til umbóta eða samstarfs við aðra sem þjónusta hóp blindra og sjónskertra. Samhliða gerði Gallup könnun á meðal félagsmanna Blindrafélagsins og kom safnið afar vel út bæði hvað varðar úttekt og þjónustu. Af þeim sem höfðu nýtt sér þjónustu Hljóðbókasafnsins voru 97,6% ánægðir með þjónustuna. Þeir þættir sem skiptu svarendur mestu máli voru „að nýjar bækur kæmu fljótt inn á safnið“ og svo „úrval bóka á safninu“ og í þriðja lagi „að lánþegar geti óskað eftir ákveðnum bókatitlum“.

Það er einnig ánægjulegt að segja frá því að Hljóðbókasafnið fékk bestu útkomuna í samræmdri þjónustukönnun Stjórnarráðsins á árinu. Spurt var um heildaránægju með þjónustu, samskipti við stofnun, áreiðanleika upplýsinga,

afgreiðsluhraða erinda og stafræna þjónustu. Safnið var hæst af þeim 33 ríkisstofnunum sem voru kannaðar að þessu sinni en 95% notenda safnsins voru ánægðir með þjónustuna í heild, 65% mjög ánægðir og 30% frekar ánægðir.

Umbætur

Ísland hefur nú undirritað Marrakess-sáttmálann um aðgengi blindra og sjónskertra að höfundarréttarvörðu efni og er það stór áfangi. Á árinu 2021 var höfundalögum breytt svo hægt væri að innleiða mikilvæg ákvæði sáttmálans. Töluverð breyting varð á 19. greininni og skerpt á lagalegu hlutverki safnsins og rétti lánþega til samræmis við áþekkar stofnanir á Norðurlöndum. Að auki var safninu gert að setja sér starfsreglur með ráðstöfunum gegn mögulegri misnotkun þeirra sem ekki hafa skilað inn tilskildum vottorðum.

Á árinu urðu útlán Hljóðbókasafns hluti af greiðslum úr bókasafnssjóði höfunda og fá því rithöfundar greitt fyrir útlán safnsins eins og er með útlán hjá öðrum bókasöfnum. Almenn ánægja er meðal höfunda og þýðenda með þessa breytingu.

Framtíðarsýn til 2025

Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er skýrt í lögum og í þeim liggja meginskyldur og verkefni. Safnið hefur komið vel út úr þjónustukönnunum undanfarin ár og er viðurkenning lánþega, sem sýna stofnuninni mikinn velvilja, lykilatíði.

Á árinu var unnin stefnumótun og framtíðarsýn til ársins 2025. Kjarninn í þeirri vinnu var að veita framúrskarandi og einstaklingsmiðaða þjónustu og að starfsmenn sinni starfi sínu af alúð með samvinnu að leiðarljósi. Gildin sem ákveðin voru um stofnunina voru því ÞJÓNUSTA – ALÚÐ – SAMVINNA.

Hlutverk safnsins er að stuðla að bættu aðgengi að bókmenntum og námsbókum. Þannig uppfyllir safnið fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi til náms. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki.

Framtíðarsýn safnsins byggir á tímasettri aðgerðaáætlun og er verkefnum skipt í fjóra flokka; þjónustu, tæknimál, lögbundið hlutverk og ímynd. Helstu markmið eru:

Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja megi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.

Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar. Að auka samstarf við tengda aðila.

40 ára afmæli

Safnið fagnar 40 árum þann 7. maí en árið 1982 var Blindrabókasafn Íslands stofnað. Haldið verður upp á afmælið með ýmsu móti og t.d. sett upp sýning um

skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi þar sem sýningarspjöldunum verður sjónlýst. Sýningin opnar 28. apríl og stendur út maímánuð og eru allir hjartanlega velkomnir á opnunartíma safnsins. Afmælishátíð verður síðan þann 5. maí þar sem við fögnum mikilvægu hlutverki Hljóðbókasafns Íslands.

Með góðum kveðjum og þökkum fyrir árið
Marín Guðrún Hrafnisdóttir
Apríl 2022



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - blind.is - blind@blind.is